



Reykjavík, 22. nóvember 2018

R18110118

61321

HBL/bp

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Minningarreitur - fórnarlömb umferðarslysa

Á fundi borgarráðs þann 22. nóvember 2018 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 20. nóvember 2018, samþykkt:

Lagt er til að erindi samgönguráðherra um minningarreit um þá sem hafa látist í umferðarslysum verði vísað til umhverfis- og skipulagssviðs og menningar- og ferðamálasviðs til jákvæðrar meðferðar þar sem m.a. verði horft til heppilegrar staðsetningar til framtíðar litið.

Það tilkynnist hér með.


Helga Björk Laxdal

e.u.

Samrit:

Menningar- og ferðamálasvið

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara



Reykjavík, 20. nóvember 2018
R18110118
61321

Borgarráð

Minningarreitur um þá sem hafa látist í umferðarslysum

Lagt er til að erindi samgönguráðherra um minningarreit um þá sem hafa látist í umferðarslysum verði vísað til umhverfis- og skipulagssviðs og menningar- og ferðamálasviðs til jákvæðrar meðferðar þar sem m.a. verði horft til heppilegrar staðsetningar til framtíðar litið,

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 9. nóvember 2018

218110118
61321



Borgarstjórinn í Reykjavík
B.t. Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhóls götu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 9. nóvember 2018
Tilv.: SRN17110007/3.0

Efni: Minningarreitur um þá sem hafa látist í umferðarslysum

Í sex ár hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið staðið fyrir árlegum minningardegi um fórnarlömb umferðarslysa. Dagurinn hefur verið haldinn í samvinnu við ýmsa viðbragðsaðila á sviði löggæslu, heilbrigðisþjónustu og björgunar. Minningardagurinn er viðburður sem haldinn er víða um heim að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna. Hann er jafnan haldinn þriðja sunnudag í nóvember. Hér á landi hefur verið haldið upp á daginn við bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss í Fossvogi.

Minningardagurinn er liður í alþjóðlegri vitundarvakningu um umferðarslys og aðgerðir til að draga úr umferðarslysum sem ýmis alþjóðasamtök hafa staðið fyrir og nefnt átakið Áratuð aðgerða í umferðaröryggi, e. *Decade of Action*.

Sú hugmynd hefur komið upp að gerður verði táknrænn minningarreitur um þá sem hafa látist í umferðarslysum. Komið hefur verið inn á þetta óformlega við fulltrúa Reykjavíkurborgar. Rætt hefur verið um að minningarreiturinn verði á lóð Landspítala háskólasjúkrahúss í Fossvogi, skammt frá þyrlupalli við bráðadeild spítalans. Það staðarval væri mjög viðeigandi staður þar sem hann er rétt við þann stað sem valinn hefur verið til að halda þennan minningardag á hverju ári.

Ráðuneytið vill hér með gera þessa hugmynd að sinni og óska eftir því að Reykjavíkurborg athugi þann möguleika að ráðstafa skika fyrir slíkan minningarreit á þessu svæði. Ef vel tækist til yrði þarna vettvangur fyrir þá sem vilja minnst þeirra sem þeir hafa misst í umferðarslysi. Þá væri þetta jafnframt ákjósanleg viðbót við þann stað sem viðburðurinn hefur verið haldinn á.

Rétt er að taka það fram að ekkert hefur verið hugað að forni staðarins, hvort heldur er að gróðri, því verki sem gæti orðið miðpunktur minningar, né annars.

Ráðuneytið vill hér með lýsa sig reiðubúið til að ræða þetta mál eins og þurfa þykir en þó fyrst og fremst ýtt málinu úr vör með þessu erindi.

Sigurður Ingi Jóhannsson

Ragnhildur Hjaltadóttir